



Ársskýrsla stjórnar Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2020-2021.

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla haldinn mánudaginn 7. júní 2021 kl. 19:30 á sal Heiðarskóla.

Starf og hlutverk foreldrafélags Heiðarskóla er í mjög mótuðu og föstu formi en þar inni eru fastir liðir eins og fyrirlestrar, kynningar, fræðsla, styrkir til skólans og nemenda, gjafir til skólans og nemenda, samráðsfundir með skólaráði, samráðsfundir formanna hjá FFGÍR, jólaföndur, árshátíð skólans og heiðarleikar/sumarhátíð skólans svo eitthvað sé nefnt.

Þetta skólaár hefur verið mjög svo frábrugðið undanförunum árum sökum covid heimsfaraldursins. Lítið hefur verið um að vera og þar af leiðandi hefur starf foreldrafélagsins spílast í samræmi við það. Nú ef það var eitthvað sem þurfti að afgreiða þá voru stjórnarmeðlimir í samskiptum í gegnum samskiptamiðlana. Engir formlegir fundir hafa verið haldnir á þessu skólaári fyrir utan einn nú á vordögum og þá buðum við skólastjórnendum til fundar og fórum saman yfir þau verkefni sem eftir standa þetta skólaár ásamt styrkjum til nemenda og skólans sem eftir stóðu og ætlað var að styrkja.

Hlutverk stjórnarmanna þetta skólaárið var óbreytt frá síðasta ári. Sæti í skólaráði eru þau Arnar Stefánsson og Inga Brynja Magnúsdóttir.

Innheimta skólagjalda: Alls voru sendir út 272 greiðsluseðlar í nóvember. Innheimta síðustu ár hefur verið mjög góð eða vel yfir 80%. Af 272 greiðsluseðlum þetta skólaárið hafa 248 verið þegar verið greiddir eða yfir 90%. Þannig að skil á þessum greiðslum eru vægast sagt mjög góð.

Gjafir / styrkir: Eins og undanfarin ár hefur foreldrafélagið styrkt nemendur skólans til muna. Síðustu ár hafa þessir styrkir verið um og yfir hálfa milljón á ári. Styrkir til nemenda skólans hafa verið um árabíl og verða um ókomna framtíð meðan fjárhagur og aðstæður leyfa. Meðal þess sem styrkt var þetta skólaárið er streymi vegna árshátíðar 10. bekkjar, treflar til útskriftarkrakka í 10. bekk, blóm vegna útskriftar, rútuferð vegna skólaferðalags 10. bekkjar og kaup á skákborði samskonar og er til í skólanum svo eitthvað sé nefnt. Markmið styrkja er að allir nemendur njóti til jafns.

Jólafondur: Nú ekkert varð af jólafondri þetta skólaárið vegna heimsfaraldursins.

Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla vil óska þeim krökkum sem tóku þátt í skólahreysti 2021 fyrir hönd skólans innilega til hamingju með sigurinn.

Heiðarleikar og sumarhátíð Heiðarskóla voru haldnir föstudaginn 4. júní með breyttu sniði þó þá þannig að foreldrum eða aðstandendum var ekki boðið eins og verið hefur sökum covid ástandsins. Foreldrafélagið bauð krökkunum öllum upp á grillaðar pylsur, meðlæti og drykki.

Að lokum vill stjórn foreldrafélagsins þakka skólastjórnendum og starfsfólki skólans kærlega fyrir einstaklega gott og farsælt samstarf á árinu líkt og undanfarin ár.

Takk fyrir góðan fund og gleðilegt sumar.

Fh. stjórnar Foreldrafélags Heiðarskóla,

Kristján Freyr Geirsson, formaður FFHS.